

Mánudaginn 10. desembermán.

Nr. 37/1906:

Valdemar Thorarensen
gegn
Snorra Jónssyni.

Úrskurður:

Máli þessu var áfryjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 25. ágúst þ. á., sem birt var stefnda 11. sept. þ. á., og lagði áfryjandi fram í yfirdóminum sókn í því 12. nóv. þ. á., en stefndi fekk þá 3 vikna frest til andsvara. Þegar málið kom næst fyrir réttinn, 3. þ. m., bað umboðsmaður stefnda um 8 vikna framhaldsfrest til að gagnáfrýja málinu, og sérstaklega til að útvega sér dómsgjörðir í því til áfrýjunarinnar, frá Akureyri, þar sem það var dæmt í héraði, en áfryjandi mótmælti lengri framhaldsfresti en viku. Krafðist þá umboðsmaður stefnda úrskurðar réttarins um frestbeiðni sína, en til vara, ef úrskurðurinn gengi honum í mót, bað hann um viku framhaldsfrest.

Með því að stefndi þegar 11. sept. þ. á., er áfrýjunarstefnan var birt honum, fekk tilefni til að taka ákvörðun um það, hvort hann vildi gagnáfrýja málinu, og til að undirbúa gagnáfrýjunina með útvegum undirréttardómsgjörða, og með því að hann hefir með hinum áður veitta 3 vikna fresti haft nægan tíma til að taka út gagnáfrýjunarstefnu og láta birta hana umboðsmanni áfryjanda hér fyrir réttinum, svo að hún gæti fallið í rétt er frestur sá, er hann hafði, var á enda runninn, þá verður stefnda eigi gegn mótmælum áfryjanda veittur hinn umbeiðni 8 vikna frestur, en honum

veitist, samkvæmt samþykki áfrýjanda, viku framhalds-
frestur í málinu til andsvara.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist viku framhaldsfrestur í málinu til
andsvara.

Mánudaginn 17. desembermánaðar.

Nr. 44/1906:

Hið opinbera
gegnum
Ólafi Jónssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, upp-
kveðnum 13. júní þ. á. var hinn kærði Ólafur Jónsson
snikkari dæmdur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykja-
víkurkaupstaðar 15. nóv. 1890, 10. gr., í 15 kr. sekt
til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða allan af mál-
inu leiðandi kostnað. En dómi þessum hefir eftir beiðni
kærða verið skotið til yfirdómsins.

Hinn 15. maí síðastliðinn tóku lögregluþjónar
Reykjavíkur fastan Norðmannn, er var mjög drukkinn
á götum bæjarins og gjörði þar óspektir, og voru á
leið með hann í fangahúsið þar til að setja hann þar
inn yfir nóttina, en maðurinn veitti svo meгна